



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 2022

2207011SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla, S-101/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um endurskoðun á undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla, S-101/2022.

Samband íslenskra sveitarfélaga tók þátt í starfshópi sem vann að breytingum á kaflanum og telur þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til heilt yfir til bóta. Að mati sambandsins er þó þörf á að vinna nokkra þætti kaflans betur sbr. eftirfarandi ábendingar:

- Kaflinn fjallar um undanþágur frá skólasókn en tæpir þó á ýmsum atriðum sem ekki koma þeim við. Þá er einnig töluvert um endurtekningar. Því ætti að vera mögulegt að stytta og einfalda framsetningu kaflans og auka þar með skýrleika. Nauðsynlegt er einnig að lesa kaflann yfir með tilliti til málfars og innsláttar.
- Á bls. 2 er fjallað um ábyrgð Útlendingastofnunar á að tryggja barni almenna skólavist. Endurskoða þarf þennan texta út frá núgildandi lagaumhverfi og verklagi.
- Á bls. 3 er rætt um fyrirkomulag tónlistarnáms sem takmarkað getur almenna skólasókn. Sambandið telur rétt að foreldrar sækji um undanþágu í því samhengi og beri ábyrgð á að barnið vinni upp tapaða kennslu.
- Á bls. 4 mætti bæta inn heimild til heimakennslu sem einni leið til að uppfylla skólaskyldu í langtíma fjarvistum barna með foreldrum sínum.
- Í síðustu málsgrein á bls. 5 segir að sveitarfélög skuli setja sér reglur um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn nemenda. Að mati sambandsins fer betur á því að sveitarfélög setji viðmið frekar en reglur.
- Nauðsynlegt er að skrifa það verklag sem lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gera ráð fyrir betur inn í kaflann.
- Mikilvægt er að skýra betur reglur um heimakennslu og telur sambandið því nauðsynlegt að ljúka vinnu sem hafin var í ráðuneytinu við að endurskoða reglugerð um heimakennslu. Töluvert skiptar skoðanir eru á núgildandi fyrirkomulagi og nauðsynlegt að vinna með hagsmunaaðilum að nýrri útfærslu.
- Þá segir í umfjöllun um heimakennslu að “Nemendur í heimakennslu eigi kost á að taka þátt í félags- og tómsundastarfi á vegum skólans og tengjast skólanum eftir því sem óskað er.” Réttara er að segja “eftir því sem við


verður komið”. Hér geta aðstæður verið mjög mismunandi sem og ástæður heimakennslu.

- Lagt er til að tvær lokasetningar kaflans verði felldar brott þ.e. ljóst má vera að ekki er heimilt að bjóða grunnskólanám, hvorki í skýjum né í skólahúsnæði, uppfylli það ekki lög og reglur um grunnskóla.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir því að kaflinn verði að loknu samráðsferli tekinn aftur inn í vinnuhópinn svo að hægt sé að vinna hann betur og taka tillit til þeirra ábendinga sem borist hafa í samráðsferlinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri